

Sorpstöð Rangárvallasýslu  
Suðurlandsvegur  
850 Hella

Reykjavík, 1.9.2022  
UST202103-107/F.T.  
08.14.02

### Svar við úrbótaáætlun Sorpstöðvar Rangárvallasýslu dags. 28. júní 2022

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 28. apríl 2022 þar sem óskað var eftir uppfærðri úrbótaáætlun vegna frávíks sem skráð var í eftirliti dags. þann 30. nóvember 2021. Þann 28. júní 2022 barst uppfærð áætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. **Gr. 3.7 í starfsleyfi.** Rekstraraðila er heimilt að urða 1600 tonn af lífrænum úrgangi, þar af 800 tonn árið 2020 og 800 tonn árið 2021 án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2, 3.3, 3.4 og 5.2. Fram kom í eftirliti að á tímabilinu janúar-nóvember 2021 hefðu verið urðuð 1000 tonn af lífrænum úrgangi sem er umfram heimild starfsleyfis.

Í úrbótaáætlun rekstraraðila eru settar fram fjórar aðgerðir sem rekstraraðili telur að dugi til að halda árlegu magni lífræns úrgangs til urðunar á Strönd innan við 800 tonn frá og með árinu 2022, ásamt því að útrýma þörf fyrir urðun lífræns úrgangs á Strönd fyrir árslok 2023 eða í allra síðasta lagi fyrir árslok 2024.

Umhverfisstofnun áréttar þau sjónarmið sem birtast í bréfinu frá 28. apríl. Rekstraraðila er óheimilt er að urða lífrænan úrgang nema að uppfylltum kröfum um mengunarvarnir.

Úrbætur vegna frávíksins geta falist í eftirfarandi:

1. Urðun lífræns úrgangs verði hætt.
2. Uppfylltar séu kröfur starfsleyfisins um mengunarvarnir, sbr. gr. 3.2 og 3.3 í starfsleyfi, sbr. 3. kafla 1. viðauka reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Verði slíkar mengunarvarnir settar upp þá er heimild til urðunar allt að 800 t. á lífrænum úrgangi árlega í samræmi við núgildandi starfsleyfi.

Umhverfisstofnun hefur tekið afstöðu til beiðni rekstraraðila um heimild til urðunar á 1.000 t. á ári af lífrænum úrgangi, sjá bréf frá 16. mars 2021. Ætli rekstraraðili að nýta sér heimild í starfsleyfi til urðunar (með botnþéttingum) og áætla að magnið verði meira en 800 t. á ári er nauðsynlegt að sækja um breytingu á starfsleyfi urðunarstaðarins. Bent er á að áður en hægt væri að taka umsókn um breytt starfsleyfi til meðferðar þarf rekstraraðili að tilkynna breytta framkvæmd til Skipulagsstofnunar til matsskylduákvörðunar.

Umhverfisstofnun óskar eftir svari um hvaða úrbóta rekstraraðili hyggst grípa til, annað hvort skv. tl. 1 eða 2 hér að ofan, fyrir 8. september 2022.

Verði ekki brugðist við á fullnægjandi hátt mun stofnunin taka beitingu þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til skoðunar.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur